

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), þskj. 416 - 342. mál, 151. Löggjafarþing 2020-2021.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri



# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla).

## **Þingskjal 416 - 342. mál 151. löggjafarþing 2020-2021**

Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt og óháð félag sjálfbóðaliða sem stendur vörð um mannréttindi, líf og heilsu berskjaldaðra hópa og einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt félag gagnvart stjórnvöldum sem gerir því kleift að starfa í samræmi við grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Félagið starfar á grundvelli laga og stefnu sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins 23. maí 2020, samþykktu alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans, Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949, viðbótarbókana frá 8. júní 1977 og 8. desember 2005 og laga frá Alþingi um merki og starfsemi félagsins nr. [115/2014](#). Rauði krossinn á Íslandi er skráður sem almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri í samræmi við lög nr. [119/2019](#). Félagið veitir jafnframt stjórnvöldum stoðþjónustu á sviði mannúðarmála og almannavarna.

Rauði krossinn á Íslandi fagnar frumvarpinu og telur ótvírætt að það nái til félagsins og allra deilda þess hér á landi enda stundar það mannúðar- og líknarstarfsemi í skilningi 1. gr. frumvarpsins.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn á Íslandi haft eigin fjárhagslega hagsmuni að leiðarljósi og að íslensk stjórnvöld búi að því að hafa hér á landi öflugt og vel starfandi Rauða kross félag sem veiti stjórnvöldum stoðþjónustu á sviði mannúðarmála og almannavarna.

### **Almennar athugasemdir**

Rauði krossinn telur frumvarpið vera fagnaðarefni í meginatriðum. Íslensk almannaheillafélög og samtök þriðja geirans hafa löngum kallað eftir því að skattalegt umhverfi lögaðila sem starfa án hagnaðarsjónarmiða og hafa skýr markmið í þágu almennings sé bætt. Með samþykkt frumvarpsins verða mörkuð tímamót varðandi stöðu viðurkenndra almannaheillafélaga. Miklu munar þar um heimildir einstaklinga til að lækka skattgreiðslur sínar með því að styrkja almannaheillafélög. Rauði krossinn á Íslandi er þess fullviss að slíkar skattaávilnanir muni skila sér til baka með öflugra starfi þriðja geirans í þágu samfélagsins.



Þá tekur frumvarpið til endurgreiðslu á 60% af virðisaukaskatti af vinnu vegna byggingar, viðhalds og endurbóta á mannvirkjum í eigu almannaheillafélaga, enda sé húsnæðið nýtt til almannaheillaþjónustu. Rauði krossinn fagnar sömuleiðis þessu aukna skattalega hagræði.

Þrátt fyrir að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref fram á við er ljóst að enn er talsvert langt í land. Rauði krossinn beinir því til stjórnvalda að þau skoði í framhaldinu að afnema virðisaukaskatt af aðföngum hjá viðurkenndum almannaheillafélögum, enda rennur drjúgur hluti af tekjum og fjáröflun félaganna til baka í ríkissjóð með virðisaukaskatti. Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu eru almannaheillafélög á Norðurlöndum undanþegin slíkum skatti.

Rauði krossinn er hluti af almannavörnum á Íslandi skv. lögum um almannavarnir nr. [82/2008](#) og samningi ríkislögreglustjóra við Rauða krossinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg um hjálparlið almannafrá [7. mars 2012](#). Talsverður aðstöðumunur er milli félaganna tveggja hvað varðar innkaup á búnaði til björgunar- og almannavarnastarfa. Rauði krossinn hefur fjárfest í búnaði fyrir hundruð milljóna króna á síðustu árum, sem einungis er ætlaður til almannavarnastarfa. Má þar nefna bifreiðar, neyðarbedda, rafstöðvar og ýmsan öryggisbúnað. Félagið hefur greitt fullan virðisaukaskatt, tolla og vörugjöld af slíkum búnaði. Um Slysavarnafélagið Landsbjörg gilda hins vegar ýmsar undanþágur svo sem varðandi vörugjöld af ökutækjum, olíugjald og tolla á björgunarbúnaði og björgunartækjum. Rauði krossinn beinir því til stjórnvalda að þau tryggi Rauða krossinum sambærilegar undanþágur á sömu forsendum og Slysavarnafélagið Landsbjörg nýtur, sbr. umsögn við 1. gr. frumvarpsins, sbr. einnig grunnsjónarmið stjórnskipunarréttar um jafnræði við lagasetningu sem er helst takmörkuð við málefnalega mismunun.

## Athugasemdir við einstaka greinar draganna

### 1. gr.

Lagt er til að í 1. gr. b liðar frumvarpsins komi nýr liður, *Starfsemi Rauða krossins*.

Rökstuðningur: Rauði krossinn er félag sem veitir stjórnvöldum stoðþjónustu í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög og lög frá Alþingi um Rauða krossinn á Íslandi, sbr. Lög nr. [115/2014](#).

### Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta efnahags- og viðskiptanefnd til þess að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.

